

Sundárið 2016

Við höfum átt farsælt ár og höfum haldið áfram uppbyggingu á okkar góða félagi. Ýmsar breytingar urðu á starfinu með nýjum yfirþjálfara, Steindóri Gunnarssyni og hafa þær mælst vel fyrir.

Við urðum bikarmeistarar bæði í karla og kvennaflokki. Einnig unnu stúlkurnar okkar aðra deildina. Við unnum Aldursflokkameistaramót Íslands (AMÍ) sjötta árið í röð og náðum frábærum árangri á Íslandsmeistaramótum í 25 og 50m laug.

Æfingardagarnir, sjósundið, Landsbankamótið, lokahófið, Speedomótin og fréttabréfið okkar er allt á sínum stað og eru allar upplýsingar um starfsemina á heimasíðu okkar www.keflavik.is/sund.

Sunddeild Keflavíkur og Njarðvíkur eru eins og undanfarin ár í góðu samstarfi undir merkjum Sundráðs ÍRB. Saman eigum við eitt fremsta sundlið landsins og stóran hóp af sundmönnum í landsliðsverkefnum bæði hjá unglíngum og fullorðnum. Með þessu samstarfi skapast tækifæri fyrir iðkendur sem annars væru ekki til staðar.

Í janúar gerði sundliðið okkar góða ferð til Danmerkur þar sem þau kepptu á sterku sundmóti í Lyngby. Afrakstur ferðarinnar voru 17 verðlaun í heildina, þar af 6 gullverðlaun. Afar eftirtektarverður árangur hjá okkar öflugum sundfólki. Baldvin Sigmarsson, Íris Ósk Hilmarisdóttir, Diljá Rún Ívarsdóttir og Þröstur Bjarnason komust öll á pall.

Íslandsmeistaramótið í 50m laug fór fram í lok apríl, mótið var mjög sterkt og allir bestu sundmenn landsins voru mættir til leiks. Sundmenn okkar stóðu sig að venju vel. Við eignuðumst þrjá íslandsmeistara á mótinu. Þröstur Bjarnason í 400, 800 og 1500m skriðsundi, Baldvin Sigmarsson í 200m flugsundi og 400m fjórsundi og Kristófer Sigurðsson í 200m skriðsundi. Á mótinu náði Stefanía Sigurþórsdóttir lágmarkum á Norðurlandamót Æskunnar.

Okkar árlega Landsbankamót fór fram fyrstu helgina í maí. Mótið er eitt fjölmennasta sundmót landsins og sóttu um 400 sundmenn okkur heim ásamt þjálfurum, foreldrum og öðrum aðstandendum. Mótið gekk í alla staði vel þar sem sundmenn 10 ára og yngri keppa á föstudeginum og endar dagurinn á hinum sívinsæla sjóræningjaleik. Eldri sundmenn kepptu svo á laugar- og sunnudeginum. Of langt mál er að fara yfir þá sem unnu til verðlauna á þessu móti en hægt er að finna öll úrslit á heimasíðunni okkar.

Í kjölfarið á Landsbankamótinu héldum við síðan okkar árlega lokahóf og uppskeruhátíð þar sem gerð eru upp afrek tímabilsins sem er að ljúka. Um 200 manns komu á lokahófið þar sem við skemmtum okkur, borðum góðan mat og veitum sundmönnum okkar viðurkenningar fyrir árangur sinn.

Aldurflokkameistaramóti Íslands (AMÍ) var haldið á Akranesi í lok júní. Lið okkar sigraði með yfirburðum. Við fengum 576 stig eða 158 stigum á undan næsta liði. En alls tóku 16 félög þátt í mótinu. Þessi sigur var sögulegur en með honum varð ÍRB fyrst liða til að vinna titilinn sex sinnum í röð. Farandgripurinn sem keppt er um er frá 1992 og geymir líka fleira sögulegt en á honum sést að frá árinu 2001 hefur lið ÍRB orðið AMÍ meistari ellefu sinnum og aldrei lent neðar en annað sæti. Við urðum fyrst AMÍ meistarar á árunum 2004 - 2008 og núna frá 2011 - 2016. Magnaður árangur hjá okkar frábæra sundfólki.

Á AMÍ setti Már Gunnarsson íslandsmet í 400m fjórsundi í flokki S12 sem er flokkur blindra og sjónskertra og á lokahófinu hlaut Már sérstakan styrk úr Minningarsjóði Ólafs Þórs Gunnlaugssonar fyrir sín afrek á mótinu.

Í júlí fór fram í Tampere í Finnlandi Norðurlandameistaramót Æskunnar. Þar áttum við einn fulltrúa en Stefanía Sigurþórsdóttir stóð sig afar vel í 200m fjórsundi. Hún synti á tíma sem skilaði henni í 5. sæti

Við hófum nýtt tímabil lok júlí, en þá fórum við með stóran hóp sundmanna í æfingarbúðir til Calella. Ferðin var í alla staði frábær, sundfólkið var duglegt, jákvætt, kurteist og gekk ferðin afar vel. Svona ferðir koma starfinu vel af stað ásamt því að skapa góðar minningar og efla félagsandann.

Um mánaðarmótin september/ október fór fram Bikarkeppni SSÍ í Vatnaveröld í Reykjanesbæ. Þar gerðum við okkur lítið fyrir og urðum þrefaldir Bikarmeistarar, en það hefur ekkert annað lið náð að afreka áður. Við urðum Bikar-meist-arar í bæði karla- og kvenna-flokki í 1. deild ásamt því að vinna 2. deild kvenna. Liðin okkar voru hreint út sagt frábær í þessari keppni, baráttan, stemmingin, gleðin og hvatningin hjá okkar fólki skar sig úr. Mögnuð helgi hjá mögnuðu fólki.

Á Haustmóti Ármanns sem fór fram í lok september setti Már Gunnarsson sex íslandsmet í fimm mismunandi greinum í flokki S12 sem er flokkur blindra og sjónskertra. Öll þessi met voru komin vel til ára sinna eða frá árunum 1994 - 1996 og voru öll í eigu sundkappans Birkis Rúnars Gunnarssonar. Þær greinar sem Már setti met í voru, 50m flugsund sem hann tvíbætti, 50m baksund, 100m og 200m fjórsund og 100m baksund.

Íslandsmeistaramótið í 25m laug var haldið í Ásvallalaug í Hafnafirði helgina 18. - 20. nóvember og stóð lið ÍRB sig frábærlega á þessu móti. Helgin skilaði 21 titli af 44 mögulegum sem er met hjá íslensku félagsliði. Alls vann ÍRB til 39 verðlauna, 21 gull, 7 silfur og 11 brons. Við settum fjögur íslandsmet, tvö met í boðsundum karla, tvö met í blönduðum boðsundum, eitt stúlknamet í boðsundi og eitt meyjamet í boðsundi.

Á mótinu tryggðu Íris Ósk Hilmarsdóttir, Stefanía Sigurþórsdóttir, Þröstur Bjarnason, Kristófer Sigurðsson og Davíð Hildiberg Aðalsteinsson sér keppnisrétt á Norðurlandameistaramótinu.

Kristófer og Davíð tryggðu sér einnig keppnisrétt á Heimsmeistaramótinu í 25m laug sem haldið var í Windsor, Kanada.

Við eignuðumst þrjá íslandsmeistara í einstaklingsgreinum. Davíð Hildiberg Aðalsteinsson í 100m baksundi. Þröst Bjarnason í 200, 400, 800 og 1500m skriðsundi og Baldvin Sigmarsson í 400m fjórsundi, 200m bringusundi og 200m flugsundi.

Sundfólkið okkar gerði það einnig gott í boðsundum en sveitir okkar settu fjögur ný íslandsmet. Algerlega frábær helgi hjá okkar magnaða sundliði. Til hamingju sundmenn og þjálfarar.

Um miðjan desember fór Stefanía Sigurþórsdóttir til Kolding í Danmörku. Að keppa á Norðurlandameistaramótinu í 25m laug. Þar stóð Stefanía sig með þrjú og var að synda við sína bestu tíma í þeim greinum sem hún keppti í.

Davíð Hildiberg Aðalsteinsson var fulltrúi okkar á HM25 sem fram fór í Windsor, og stóð hann sig mjög vel. Hann bætti sinn besta tíma í 50m baksundi og var alveg við sinn besta tíma í 100m baksundi. Davíð var jafnframt í fimm boðsundssveitum sem allar settu Íslandsmet á mótinu.

Speedomót ÍRB eru haldin í febrúar og nóvember Mótið er fyrir sundmenn 12 ára og yngri og góð viðbót við mótaflórana en það hefur verið vöntun á mótum sem eru ætluð þessum aldurshóp. Mótin hafa tekist vel og eru vonandi kominn til að vera.

Við tókum einnig þátt í mörgum öðrum mótum félagsliða þar sem sundmenn okkar komu allstaðar vel fyrir, stóðu sig vel og voru sjálfum sér og félagi okkar til mikils sóma. Hægt er að sjá úrslit þessara móta á heimasíðu okkar <http://keflavik.is/sund/keppni/urslit/>

Í lok desember voru þau Þröstur Bjarnason og Stefanía Sigurþórsdóttir útnefnd sundkarl og sundkona Keflavíkur. Þröstur var einnig valinn íþróttakarli Keflavíkur. Sundfólkið okkar var einnig valið íþróttafólk Reykjanesbæjar árið 2016 en það voru þau Þröstur Bjarnason og Sunneva Dögg frá umfn.

Það er mikil vinna við að halda úti þessu öflugra starfi. Bæði hvað varðar rekstur á félaginu, vinnu á sundmótum og aðrar uppkomur sem félagið stendur fyrir. Vert er að þakka því góða fólki

sem í mörg ár hefur unnið ötult starf fyrir félagið og stendur sig ávallt með sóma. Eins höfum við verið þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa haft hjá okkur margreynda og góða sundþjálfara, þrekþjálfara og jógakennara. Við viljum þakka þeim ásamt starfsfólki Vatnaveraldar, okkar helstu styrktaraðilum, Landsbankanum, Reykjanesbæ, Nettó, Speedo, Krónunni og Sigurjóni í Sigurjónsbakaríi og öllum öðrum sem lögðu hönd á plóg. Það eru mér forréttindi að fá að taka þátt í þessu starfi og ekki hægt að segja annað en að framtíðin sé björt.

Hilmar Örn Jónasson
Formaður Sunddeildar Keflavíkur